

BORGARRÁÐ

Ár 2020, mánudaginn 2. mars, var haldinn aukafundur borgarráðs nr. 5578. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 09:02. Viðstödd voru auk borgarstjóra; Líf Magneudóttir, Pawel Bartoszek, Heiða Björg Hilmisdóttir, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir. Einnig sátu fundinn áheyrnarfulltrúarnir Sanna Magdalena Mörtudóttir, Vigdís Hauksdóttir og Kolbrún Baldursdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ólöf Órvarsdóttir, Helgi Grímsson, Regína Ásvaldsdóttir, Arný Sigurðardóttir, Jón Viðar Matthíasson, Ómar Einarsson, Óskar Jörgeen Sandholt, Óskar Ísfeld Sigurðsson, Pétur Ólafsson og Bjarni Þóroddsson.

Fundarritari var Helga Björk Laxdal.

Þetta gerðist:


1. Fram fer kynning á neyðarstigi almannavarna vegna kórónaveiru (COVID-19) og viðbragðsáætlun Reykjavíkurborgar.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúi Flokks fólksins vill þakka neyðarstjórn og öllum sem vinna að forvörnum, rannsóknum, fræðslu og upplýsingagjöf til almennings um Covid-19. Ljóst er að allir eru að leggjast á eitt í baráttunni við vágestinn Covid 19. En það eru einnig önnur brýn mál sem kalla á úrlausnir sem borgarstjóri ber ábyrgð á og getur ekki skotið sér undan. Ganga þarf til samninga við Eflingu. Starfsmenn Eflingar berjast nú fyrir að fá langþráða kjarabót enda verma botn láglaukastefnu borgarinnar. Með því að þráast við að semja við Eflingu er verið að valda borgarbúum vandræðum og setja þá viðkvæmustu í hættu. Nú þegar hefur skortur á samningsvilja borgarinnar raskað daglegu lífi fjölda manns, foreldra og barna. Lausn deilunnar er í höndum borgarstjóra og skorar borgarfulltrúi Flokks fólksins á hann að enda það ófremdarástand sem ríkir í borginni á samningafundi sem áætlaður er í dag 9.3.

- Kl. 9.35 vikur áheyrnarfulltrúi Miðflokksins af fundinum,
- Kl. 9.40 vikur áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins af fundinum,

Fundi slitið kl. 9:56


Heiða Björg Hilmisdóttir
Dóra Björt Guðjónsdóttir
Eyþór Laxdal Arnalds
Hildur Björnsdóttir
Valgerður Sigurðardóttir